

Akureyrarbær kt. 410169-6229 og Minjasafnið á Akureyri kt. 460269-1569  
gera með sér svofeldan

**samning um rekstur Skáldasafnanna  
Nonnahúss og Davíðshúss á Akureyri á árunum 2017-2019**

**1. gr. Lögbundin verkefni safna**

Minjasafnið á Akureyri tekur að sér umsjón með rekstri og faglegu safnastarfi skáldahúsanna tveggja fyrir hönd Akureyrarstofu á grundvelli safnalaga nr. 141/2011 og þeim viðmiðunum sem sett eru af viðkomandi höfuðsöfnum.

Í þriðja skáldahúsini Sigurhæðum er verður sett á fót rithöfunda- og fræðimannasetur sem verður til útleigu og verður formlegu sýningarhaldi í húsinu því hætt. Amtsbókasafnið hefur alfarið umsjón með hinu nýja setri að Sigurhæðum, bæði starfseminni og húsnæðinu. Í Davíðshúsi er fyrir íbúð til útleigu fyrir rithöfunda og fræðimenn sem Amtsbókasafnið mun jafnframt hafa umsjón með. Minjasafnið mun hafa umsjón með safninu um Davíðs Stefánsson á efri hæð. Rekstrarkostnaður hússins alls verður greiddur af Amtsbókasafninu en Minjasafnið mun greiða hlutfallslega v/ þess kostnaðar sem fylgir efri hæð.

Hlutverk Minjasafnsins í Sigurhæðum verður að hafa umsjón og eftirlit með safngripum á Sigurhæðum sem eru á skrifstofu Matthíasar á 1. hæð.

Meginverkefni Minjasafnsins eru:

**1.1. gr. Safneign:**

Umsjón með safneign miðar að varðveislu þeirra safngripa sem söfnin búa yfir til framtíðar og kunna að bætast við.

Hlutverk Minjasafnsins á Akureyri er að:

- a) Skrá núverandi safneign í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp.
- b) Sjá um að varðveisla safneignar sé eins og best verður á kosið hverju sinni.
- c) Setja söfnunarstefnu Skáldahúsanna í samstarfi við Akureyrarstofu.
- d) Hafa umsjón með söfnun og skráningu nýrra aðfanga, muna, mynda og tónlistar.
- e) Hafa umsjón með lánum á gripum safnanna til viðurkenndra safna að uppfylltum varðveisluskilyrðum.
- f) Taka gripi til varðveislu í varðveislumiðstöð Minjasafnsins ef á þarf að halda.

*[Handwritten signature]*

- g) Gera áætlun um forvörslu gripa og varðveislumat.

Ofangreindum verkefnum samkvæmt liðum a), c) og g) skal lokið fyrir árslok 2019.

#### 1.2. gr. Miðlun:

Miðlun í skáldasöfnunum miðar að því að viðhalda nafni skáldanna sem höfunda eða ýta undir frumsköpun á sviði skáldskapar og tónlistar. Viðburðir og miðlun eru kostnaðaraukandi þættir og fer umfang þess eftir fjárhag hverju sinni. Hlutverk Minjasafnsins á Akureyri er að:

- a) Hafa umsjón með gerð sýninga á vegum Skáldahúsanna.
- b) Hafa umsjón með farandsýningu Nonnahúss í Þýskalandi.
- c) Standa fyrir a.m.k. 5 viðburðum á ári samtals í Davíðshúsi og Nonnahúsi.
- d) Skáldasöfnin taki árlega þátt í Akureyrarvöku.
- e) Skáldasöfnin taki árlega þátt í Eyfirska safnadeginum.

#### 1.3. gr. Fræðsla:

Fræðslustarf á vegum safnanna miðar að því að halda nafni skáldanna á lofti, efla menningarlæsi og læsi yfirleitt. Öll fræðsla og heimsóknir í Skáldasöfnin eru án endurgjalds og miða að því að:

- i) Veita nemendum á öllum skólastigum innan sveitarfélagsins fræðslu um skáldin bæði með heimsóknum í skóla og í skáldahúsunum sjálfum.
- ii) Aðstoða skóla eftir föngum í viðamiklum verkefnum er varða skáldin.
- iii) Veita öðrum hópum á vegum Akureyrarkaupstaðar safnfræðslu.
- iv) Halda úti efni á vefnum um skáldin og Skáldasöfnin.
- v) Taka á móti gestum á vegum verkkaupa í Skáldasöfnunum án endurgjalds.
- vi) Veita almenningi og fræðafólki upplýsingar um Skáldasöfnin og safneignina.
- vii) Vera aðili að Barnabókasetri Íslands um lestrarhvetjandi verkefni og eflingu barnabókmennta.
- viii) Gera safneignina sýnilega á vefnum Sarpur.is

### 2. gr. Daglegur rekstur

Minjasafnið á Akureyri sér um daglegan rekstur safnanna og tilfallandi verkefni utan faglegs safnastarfs s.s.;

- i) Kynningarmál og áætlanir og samskipti við auglýsingamiðla og fjölmiðla.
- ii) Samfélagsmiðla og heimasíðu.

- iii) Merkingar og skilti.
- iv) Kemur fram fyrir hönd safnanna.
- v) Sér um samskipti við ferðaþjónustuaðila.
- vi) Sér um fjárhagsbókhald og endurskoðun þess.
- vii) Umsjón og reglulegt eftirlit með húseignum.
- viii) Snjómokstur við Nonnahús og Davíðshús.
- ix) Samskipti við Nonnavini út um allan heim þ.e. svarar bréfum og tölvupóstum til safnsins.
- x) Umsjón með þáttöku Skáldasafnanna í Eyfirska safnaklasanum.
- xi) Fjárhags- og starfsáætlun hvers árs sem kynnt eru stjórn Akureyarstofu.
- xii) Sækir um styrki til verkefna á vegum Skáldasafnanna og þá í samstarfi við Amtsbókasafnið þegar um er að ræða sameiginlegar styrkumsóknir fyrir öll húsin þrjú.
- xiii) Sinnir árlegri skýrslugerð um starfsemi Skáldasafnanna og skilar til Akureyrarstofu

### **3. gr. Opnunartími**

Davíðshús skal að lágmarki opið frá 1. júní – 31. ágúst frá kl. 13:00 – 17:00 fimm daga vikunnar, Nonnahús frá 1. júní – 31. ágúst frá kl. 10:00 – 17:00 daglega. Á öðrum tímum er opið fyrir hópa og fræðslustarf.

### **4. gr. Fasteignaumsjón**

Minjasafnið á Akureyri hefur umsjón og eftirlit með fasteigninni Aðalstræti 54 (Nonnahúsi). Amtsbókasafnið hefur umsjón og eftirlit með fasteigninni Bjarkarstíg 6 (Davíðshúsi) í samstarfi við Minjasafnið. Í fasteignaumsjón felast samskipti við Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar sem sjá um viðhald húseigna og tilheyrandi lóða.

Stytta Nínu Sæmundsen myndhöggrívari af Jóni Sveinssyni, Nonna, sem er eign Akureyrarbæjar og stendur framan Nonnahúss í Aðalstræti, er á ábyrgð Akureyrarstofu.

### **5.gr. Samningstími og þóknun**

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

Þóknun vegna faglegs safnastarfs og annarra umsjónar er kr. 6.500.000 árið 2017, 8.500.000 árið 2018 og 8.700.000 árið 2019.

Innri húsaleigu vegna fasteignanna greiðist beint frá Akureyrarstofu til Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar.

Til viðbótar greiðir Akureyrarbær Minjasafninu árlega raunkostnað vegna rafmagns- og hitakostnaðar, öryggisgæslu og snjómoksturs Nonnahúss. Minjasafnið ber ábyrgð á innheimtu þessa kostnaðar. Fjárhæðin tekur skv. breytingum á gjaldskrá þjónustuaðila.

Minjasafnið mun greiða Akureyrarbæ hlut efri hæðar Davíðshúss í rafmagns- og hitakostnaði, öryggisgæslu og snjómoksturs. Amtsbókasafnið ber ábyrgð á innheimtu þess kostnaðar.

Framlög Akureyrarbæjar greiðast í 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

#### **6.gr. Styrkir og aðrar tekjur**

Styrkir og aðrar tekjur sem Minjasafnið á Akureyri aflar aukreitis af rekstri Davíðshúss og Nonnahúss skulu renna til starfsemi skáldahúsanna en eru óháðar greiðslum verkkaupa til verksala skv. grein 5.gr.

#### **7. gr. Mat á starfseminni**

Minjasafnið skal árlega skila skýrslu og endurskoðuðum reikningum til stjórnar Akureyrarstofu fyrir 1. maí ár hvert, þar sem gerð er grein fyrir starfseminni og árangri. Fulltrúar Minjasafnsins og Akureyrarstofu eiga í það minnsta einn samráðsfund á ári þar sem starfsemi safnsins er kynnt og yfirfarin.

#### **9. gr. Uppsögn og endurskoðun**

Telji annar hvor samningsaðili verulegar breytingar hafa orðið á forsendum samningsins á samningstímanum skal heimilt að óska eftir endurskoðun á honum í september ár hvert.

Samningnum má segja upp ef annar hvor samningsaðila telur að um verulegar vanefndir af hálfu hins aðilans sé um að ræða og er uppsagnarfrestur þá 6 mánuðir.

#### **10. gr. Varnarþing**

Rísi ágreiningur vegna samningsins eða einstakra ákvæða hans skulu aðilar reyna sættir en ella skal mál vegna hans rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.


Akureyri, 30. maí 2018

f.h. Akureyrarbæjar



Eiríkur Björn Björgvinsson  
bæjarstóri

f.h. Minjasafnsins á Akureyri



Haraldur Þór Egilsson  
safnstjóri

Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu:

Hulda Sif Hermannsdóttir

Bórgvinn Ólafsson

## **Viðauki 1.**

Samningsaðilar eru sammála um að vinna að stefnumótun fyrir Skáldasöfnin á árinu 2018 sem gildi til næstu 5 ára. Að starfinu koma fulltrúar Akureyrarstofu, Amtsbókasafnsins og Minjasafnsins á Akureyri. Stefnumótunin verður lögð fyrir stjórn Akureyrarstofu og stjórn Minjasafnsins á Akureyri.

## **Viðauki 2.**

Samningsaðilar eru sammála um að ekki gildi jafnræði í stuðningi ríkisins við rekstur Skáldasafnanna á Akureyri og annarra sambærilegra safna á Íslandi og vinna sameiginlega að því að fá aukið fjármagn inn í almennan rekstur þeirra.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "H. Þórhilsson".